

Friðlandið Vífilsstaðavatn

Samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar

Vífilsstaðavatn var friðlýst sem friðland árið 2007. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda vatnið ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu lífríki þess. Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar með sérstæðum stofnum bleikju, urriða, áls og hornsíla í vatninu. Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnsstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins. Þá er enn fremur markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins eins og segir í friðlýsingarskilmálum.

Þeim samráðs- og hagsmunaaðilum sem tilgreindir eru hér fyrir neðan er sent erindi til upplýsinga um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Vífilsstaðavatn sé hafin.

Gert ráð fyrir að vorið 2025 verði drög að stjórnunar- og verndaráætlun auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar, Garðabæ og víðar eftir þörfum. Þar með hefst kynningarferli þar sem öllum gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Þeim samráðs- og hagsmunaaðilum sem tilgreindir eru í áætlun þessari verður sendur tölvupóstur/erindi til að vekja athygli á að áætlunin sé í kynningarferli.

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð hennar eiga einnig sæti fulltrúar frá Garðabæ og Skógræktarfélagi Reykjavíkur en einnig verður Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar við nefndina. Í vinnuferlinu er samráð afar mikilvægt og er óskað eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast geta við gerð áætlunarinnar.

Þeir aðilar sem verða upplýstir og/eða óskað verður eftir frekara samráði við vegna vinnslu áætlunarinnar eru eftirtaldir:

Almannavarnir
Ferðafélag Íslands
Ferðafélagið Útivist
Ferðamálastofa
Félag ábyrgra hundaeigenda
Fjallahjólaklúbburinn
Flugmálafélag Íslands
Fuglavernd
Garðabær
Haf og vatn
Hafnarfjarðarbær
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnafjarðar, Kópavogs,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Hestamannafélagið Sprettur

Hestamannafélagið Sörli
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Kópavogur
Land og skógur
Landsnet
Landssamband hestamannafélaga
Landssamband veiðifélaga
Landssamtök hjólreiðamanna
Landvarðafélag Íslands
Landvernd
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Minjastofnun
Náttúrufræðistofnun
Náttúrustofa Kópavogs
Náttúrustofa Suðvesturlands
Náttúruverndarsamtök Íslands
Reykjavíkurborg
Samgöngustofa
Samtök ferðaþjónustunnar
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Skipulagsstofnun
Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Skotvís
Skógræktarfélag Garðabæjar
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Slysavarnafélagið Landsbjörg
Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti
Veðurstofan
Vegagerðin
Veiðikortið ehf
Veitur ohf.